

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2023  
UST202305-355/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Efnistaka úr Kiðafellsnámu. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er sótt um leyfi til frekari efnistöku úr námunni við Kiðafell og eins og fram kemur í erindi Björgunar þá er í raun gert ráð fyrir að taka allt nýtanlegt efni úr þessum sethjöllum neðansjár. Umhverfisstofnun telur að í ljósi framtíðaráforma um efnistöku þarna sé í raun nauðsynlegt að skoða nú hvaða áhrif það gæti haft í för með sér að taka að klára allt efni úr námunni.

Eins og fram kemur í greinargerð hafa á síðustu árum farið fram rannsóknir á þessu námusvæði og er í raun vandséð hvað enn eitt umhverfismat mundi í raun skila af nýjum gögnum um lífríki. Hins vegar hefur Umhverfisstofnun áhyggjur af einum þætti þessa máls sem lýtur að mögulegu landbroti. Fram kemur að dýpi á námusvæðinu sé 5-35 metrar. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort efnistaka á grunnsævi geti mögulega haft neikvæð áhrif á aðliggjandi strandsvæði og hvort æskilegt sé að skilja eftir hluta af efninu þar sem grynnt er til að tryggja að öldufar breytist ekki ef jarðmyndunin verður algerlega fjarlægð. Ef ætlunin er að taka á næstu árum allt að 5.000.000 m<sup>3</sup> og jafnvel fjarlægja allt laust efni af svæðinu er að mati Umhverfisstofnunar ástæða til að staldra við og skoða nánar möguleg áhrif þessara tveggja sviðsmynda. Ef í ljós kemur að óheppilegt sé að fjarlægja jarðmyndunina alveg og nauðsynlegt sé að skilja eftir hrygg til varnar ströndinni þarf að skoða hvernig móta þarf hrygg samfara efnistökkunni til að tryggja stæðni efnisins.

Að teknu tilli til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun óvissu ríkja um afleiðingar efnistökkunnar því fá dæmi eru um það hérlendis að jarðmyndanir sem þessi hafi verið fjarlægð algerlega og því eigi að meta hvaða afleiðingar slíkt gæti haft í för með sér og því eigi að meta umhverfisáhrif efnistökkunnar.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**Sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,

**teymisstjóri**

